

Alþingi  
Erindi nr. P 131/011  
komudagur 14.12.2004



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. desember 2004


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr  
fósturvísunum til rannsókna og lækninga, 53. mál**

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Af því tilefni leitaði stjórn LÍ umsagnar Siðfræðiráðs félagsins. Stjórn félagsins er sömu skoðunar og Siðfræðiráð en í bréfi ráðsins segir:

*“Tillaga til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga felur í sér að skipuð verði nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Nefndin verði skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.*”

*Siðfræðiráðið telur það fyllilega tímabært að hér á landi fari fram ítarleg umræða um nýtingu stofnfrumna til lækninga. Eðlilegt er að slík umræða fari ekki einungis fram í vísindasamfélaginu heldur verði um þessa vísindagrein settur lagarammi og vinnureglur sem sátt geti orðið um. Siðfræðiráðið styður því framkomna þingsályktunartillögu og telur eðlilegt að Læknafélag Íslands verði virkur þátttakandi í þessari umræðu. Jafnframt telur ráðið eðlilegt að það taki sjálft þetta málefni til sérstakrar skoðunar á komandi misserum.”*

Virðingarfyllst,  
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson  
formaður